

Stjórnarfundur FKA #8

Starfsár: 2024-2025

Staður: TEAMS

Dagsetning: 09.01.2025

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Guna Mežule (GM), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Sandra Yunhong She (SYS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Jasmina Vajzovic Crnac (JVC)

Dagskrá fundar:

12:00-12:15	1	Opnun – einn stuttur hringur
12:15 – 12:25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur o.fl. (AR) AR sýnir glætur. Sýnir myndir frá fundi stjórnar með fyrstu stjórn FKA í desember. Fer yfir bankayfirlit. Gengur vel að fá umsóknir í tækniráð. ISS og AR eru að vinna í samningi við styrktaraðila og að finna nýja. Í dag eru 1392 félagskonur í FKA. Borist hefur ábending varðandi heimasíðuna - það þarf rafræn skilríki til að skrá sig inn á innri vefinn. Bent var á að það eru ekki allar félagskonur með rafræn skilríki og að rafræn skilríki að verða úrelt. AR hvetur stjórnarkonur að bjóða sem flestum á viðurkenningarhátíðina, öll kyn. Núna eru 334 skráðir á viðurkenningarhátíðina Stutt í aðalfund - AR biður stjórnarkonur að tala við félagskonur og hvetja þær til að bjóða sig fram í stjórn og í formannssætið.
12:25-12:30	3	Viðurkenningarhátíð 29. Janúar 2025 - staðan (AR & GHJ) Undirbúningur fyrir Viðurkenningarhátíðina er í fullum gangi. Viðtölin við viðurkenningarföng verða tekin upp bráðlega. AR mun deila út verkefnum á hátíðinni til stjórnarkvenna.

12:30-12:38	4	Viðburðir framundan (AR) AR fer yfir viðburði sem eru næst á dagskrá.
12:38-12:40	5	Sýnileikadagur (AR) Vörður vill styrkja Sýnileikadaginn um 390.000kr sem færi í streymið.
12:40-12:45	6	Alþjóðasamskipti og Alþjóðadagur (GA og SY) GA var í viðtali við breska konu með yfirskriftinni <i>Konur eru konum bestar</i> . Konur í sjávarútvegi í Kanada vilja styrkja FKA í að halda viðburð fyrir FKA konur í sjávarútvegi. GA og UEA fóru á fund með sendinefnd CSW Alheimspings UN Women sem verður haldið núna 10.-21. mars í New York. Farið yfir dagskrá. Þemað verður <i>Konur - friður - öryggi</i> . 30 ár frá undirritun Peking sáttmálans og þarf að samþykkja nýjan sáttmála á ráðstefnunni. GA sækir um styrk til að fara á ráðstefnuna fyrir hönd FKA, UEA fer einnig.
12:45-12:55	7	Innheimta og deildir, reikningar sem og mál landsbyggðadeilda (ISS og UEA) Eftir kynningu á breytingu á fyrirkomulagi fjármagns landsbyggðadeilda bárust ein andmæli. ISS talaði við þá deild og útskýrði hugmyndafræðina bak við breytinguna; að landsbyggðadeildir ættu ekki að safna upp fjármagni heldur nota það á starfsárinu. ISS spyr hvort það þurfi að einfalda innheimtu félagsgjalda - ef félagskonur eru í deildum sem þarf að greiða aukalega fyrir; að fá þá einn reikning fyrir árgjaldi og deildargjöldum saman í stað þess að fá marga reikninga. Stjórn ræðir fyrirkomulag innheimtu á félagsgjöldum. Ákveðið að geyma þessa umræðu - fá Margræti með á fund. Verður tekið upp á stjórnarfundum síðar.

12:55-13:29	8	Önnur mál a) Jafnvægisvogarráð (GG) Fundur í gær þar sem farið var yfir hátíðina. Mikil ánægja með staðsetningu og fyrirkomulag, mátulega stutt. GG talar um að bæta þurfi upplýsingagjöf til stjórnar FKA. Næsta Jafnvægisvogarhátíð verður haldin 9. Október 2025. Næsti fundur ráðsins verður um mánaðarmót febrúar/mars. Stjórnarkonur ræða hvort það tapaðist sýnileiki við að hafa ekki hátíðina í streymi og engin upptaka af erindum. b) GA óskar eftir orðinu. Varðandi Viðurkenningarhátíðina - GA talaði um að hún upplifði óþægindi varðandi viðbrögð stjórnar við athugasemd hennar um að hafa fleiri í dómnefnd af erlendum uppruna. GHJ svarar sem formaður dómnefndar - það var ákveðið á stjórnarfundum að aðilar í dómnefnd þyrftu að geta talað íslensku og þekkja atvinnulíf á Íslandi. Það reyndist erfitt að finna þannig einstaklinga sem voru tilbúnir til að taka þátt.
-------------	---	--

Fundi slitið klukkan 13:29
Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir